# AUGLÝSING

74
21. jan.

um

## samning milli Íslands og Noregs um gagnkvæmi við slysabætur.

Stjórnir Íslands og Noregs hafa þann 31. maí 1930 gert með sér samning til þess að tryggja ríkisborgurum hvors landsins fyrir sig, gagnkvæman rétt til bóta fyrir slys við vinnu í hinu landinu. Samningurinn, er hér fer á eftir gekk í gildi þann 30. október 1930.

Með því að hinni konunglegu íslenzku stjórn og hinni konunglegu norsku stjórn hefir virzt hagkvæmt að tryggja ríkisborgurum í hinu landinu rétt til bóta fyrir slys við vinnu, hafa undirritaðir, er þartil hafa gilt umboð, gert með sér eftirfylgjandi samkomulag.

Da den Kgl. islandske regjering og den Kgl. norske regjering har fundet det hensiktsmessig å sikre statsborgere i det annet land rett til erstatning for skade, forvoldt ved arbeide, har vi undertegnede, som er utrustet med behörig fullmagt dertil ingått fölgende overenskomst:

I.

Með því að íslenzku lögin um slysatryggingar, nr. 73 frá 7. maí 1928, ekki setja skilyrði um þjóðerni eða bústað þeirra einstaklinga, er samkvæmt lögunum eiga rétt á bótum, er því hérmeð heitið, að hin konunglega íslenzka stjórn mun veita norskum ríkisborgurum, án tillits til bústaðar, sama rétt til bóta sem íslenzkum ríkisborgurum.

I.

Da den islandske lov om ulykkesforsikring, nr. 73 av 7. mai 1928 ikke stiller betingelser med hensyn til de personers nasjonalitet eller bopel, som ifölge loven har rett til erstatning, blir det herved gitt tilsagn om, at den Kgl. islandske regjering vil gi norske statsborgere, uten hensyn til bopel, samme rett til erstatning som islandske statsborgere.

II.

Undantekningarákvæðin fyrir útlendinga í norskum slysatryggingarlögum fyrir iðnaðarmenn o. fl. frá 13. ágúst 1915, ásamt breytingarlögum frá 28. júní 1928, 25. grein 3. málsgrein, sem og fyrir sjómenn í lögum frá 18. ágúst 1911, 8. og 26. grein, og fyrir fiskimenn, í lögum frá 10. desember 1920,

II.

Undtagelsesbestemmelserne for utlendinger i de norske ulykkeforsikringslover for industriarbeider m. v., av. 13. august 1915, med endringslov av 28. juni 1928 prg. 25, 3dje ledd — likesom for sjömenn, i lov av 18. august 1911 prg. 8 og 26, og for fiskere, i lov av 10. desember 1920 prg. 8 og 20,

Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

74
21. jan.

8. og 20. grein, koma ekki til framkvæmda við íslenzka ríkisborgara, enda er þeim heitið sömu bótum, sem norskum ríkisborgurum ber samkvæmt fyrnefndum lögum.

kommer ikke til anvendelse på islandske statsborgere der blir tilsagt den samme erstatning som efter de ovennævnte lover tilkommer norske statsborgere.

III.

Rannsóknir, sem um greinir í norsku slysatryggingarlögunum fyrir sjómenn frá 18. ágúst 1911, má einnig framkvæma á Íslandi. Læknisvottorð, íslenzkt, kemur í slíku tilfelli í stað norsks læknisvottorðs.

III.

Undersökelse som omhandlet i den norske ulykkeforsikringslov for sjömenn av 18. august 1911 kan også foretas på Island. En islandsk lægeerklæring erstatter i så tilfelle en norsk læge-erklæring.

IV.

Bætur ákveðast og tildæmast eftir þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda samkvæmt slysatryggingarlögum þeim, er koma til framkvæmda viðvíkjandi slysinu, á sama hátt og að bótarétthafinn, í öllum málefnum, er snerta rétt hans og skyldur, skal vera háður lagafyrirmælum þess landsins þar sem slysatryggingarlög þau, er til framkvæmda koma viðvíkjandi slysinu, eru gildandi lög.

IV.

Erstatninger fastsettes og tilkjennes efter de regler som til enhver tid er gjeldende ifölge den ulykkeforsikringslov som kommer til anvendelse på ulykkestilfellet, liksom den erstatningsberettigede, i alle saker som angår hans rett og skyldigheter, skal være undarkastet lovgivningen i det land, hvis ulykkeforsikringslov kommer til anvendelse på ulykkestilfellet.

V.

Við framkvæmd slysatryggingalaga annars landsins í hinu landinu skulu stjórnir tryggingastofnana landanna veita hvor annari gagnkvæma aðstoð, gegn greiðslu áfallandi kostnaðar.

Ef nauðsyn krefur framkvæma stjórnir tryggingarstofnana landanna ex officio þær rannsóknir, sem mundu álítast nauðsynlegar, ef að lög þess sama lands hefðu átt að koma til framkvæmda.

V.

Ved anvendelse av det ene lands ulykkeforsikringslov i det annet land skal bestyrelsene for landenes forsikringsinstitusjoner yde hinannen gjensidig bistand, mot erleggelse av omkostninger som kan pålöpe.

Om det blir nödvendig, anstiller bestyrelsene for landenes forsikringsinstitusjoner ex officio de undersökelser som vilde anses nödvendige, hvis det gjaldt å bringe til anvendelse deres eget lands lover.

74
21. jan.

VI.

Samninginn skal staðfesta, og staðfestingarskjölum skipzt á eins fljótt og unnt er.

Samningurinn gengur í gildi næsta dag eftir áskiptingu staðfestingaskjalanna, og skal ná til slysa, er verða frá og með sama degi.

Hvor samningsaðili getur við uppsögn með minnst eins árs fyrirvara, fellt samninginn úr gildi við lok almanaksárs.

Gert í Oslo í tveim eintökum þann 31. maí 1930.

*A. Oldenburg.*

VI.

Overenskomsten skal stadfestes og stadfestelsesdokumentene utveksles så snart som mulig.

Overenskomsten trer i kraft dagen efter at stadfestelsesdokumentene er utvekslet, og kommer til anvendelse på ulykkestilfelle, som inntreffer fra og med samme dag.

Hver av kontrahentene kan, ved å opsi overenskomsten med minst ett års varsel, sette den ut av kraft ved utgangen av et kalenderår.

Utferdiget i Oslo i to eksemplarer den 31. mai 1930.

*Joh. Ludvig Mowinckel.*

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 21. janúar 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**